NÁMSGREIN: ÍSLENSKA
KENNSLUYFIRLIT – 10. BEKKUR

Kennsluhættir: Einstaklingsverkefni, samvinnuverkefni, hópaverkefni, verkefnavikur, próf, ritgerð, vettvangsferðir.
Námsþættir: *Lestur, bókmenntir, málfræði, ritun, stafsetning og ljóð.*
Námsmat: Leiðsagnarnám, spurningaverkefni, málfræðipróf, krossapróf, einstaklingsverkefni, hópaverkefni, þemaverkefni, upplestrarverkefni og ritrýni.
Námsgögn: *Málið í mark – óbeygjanleg orð*, *Tungutak* (valin verkefnahefti), *Mýrin* e. Arnald Indriðason ásamt verkefnahefti, *Gísla saga* ásamt verkefnahefti, *Fýkur yfir hæðir* (Wuthering Heights), *Hauslausi húsvörðurinn* e. Bergrúnu Írisi Sævarsdóttir, *Logar*, *Stafsetning*, ýmsar kjörbækur, ýmsar ljóðabækur og Læsir lestrarapp.

Tímabil	Námsþættir	Leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat	Námsorðaforði
Kennt í lotum.	Bókmenntir, málfræði, ritun, ljóð og stafsetning.	**Bókmenntir**: heimalestur, samlestur, spurningaverkefni, próf, ritun, einstaklingsverkefni, þemavikuverkefni. **Málfræði**: Verkefnabók, verkefnahefti, próf, einstaklingsverkefni. **Ritun**: ýmis ritunarverkefni út frá bæði praktískum og bókmenntafræðilegum hugmyndum. **Ljóð**: Ljóðalestur, ljóðagreining, ljóðaverkefni. **Stafsetning**: stafsetningaræfingar með upplestri, skrif í stílabók.	<u>Talað mál, hlustun og áhorf:</u> Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með viðeigandi talhraða, tónfalli, áherslum og fasi. Nýtt sér fjölbreytta hljóð- og myndmiðla til upplýsingar og afþreyingar og tekið afstöðu til þess sem þar er birt. Miðlað þekkingu sinni og reynslu, tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim með fjölbreyttum leiðum. Horft á, hlustað og tekið eftir upplýsingum í fjölbreyttu efni og greint og miðlað innihaldi þess á gagnrýninn hátt. <u>Lestur og lesskilningur:</u> Lesið fjölbreytta texta af öryggi, í góðu flæði og í viðeigandi hendingum og með tjáningu í samræmi við aðstæður hverju sinni. Skilið og fjallað um fjölbreytta texta, greint þá og borið saman á	<u>Bókmenntir:</u> • Spurningahefti • Krossapróf • Ritunarverkefni • Hópaverkefni – skapandi skil <u>Málfræði:</u> • Próf úr forsetningum, samtengingum, atviksorðum, orðflokkagreiningu og setningafræði <u>Ritun:</u> • Ritunarverkefni <u>Ljóð:</u> • Ljóðagreining og ljóðaverkefni <u>Stafsetning:</u> • Stafsetningaræfingar	• Sagnorð • Nafnorð • Samheiti • Andstæða • Örsaga • Nútíð • Þátíð • Núliðin tíð • Þáliðin tíð • Framtíð sagnorða • Eintala • Fleirtala • Persónur sagnorða • Ópersónulegar sagnir • Stofn sagnorða • Sjálfstæðar sagnir • Ósjálfstæðar sagnir • Áhrifssögn • Andlag • Áhrifslausar sagnir

			margvíslegan hátt og lagt rökstutt og gagnrýnið mat á inntak þeirra og eiginleika. Valið og beitt fjölbreyttum lestraraðferðum sem hæfa tilgangi og viðfangsefni hverju sinni. Valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta, unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt og miðlað til annarra. Beitt ríkulegum orðaforða, fyrri þekkingu og reynslu til að mynda samhengi og skilning í lestri og notað fjölbreyttar aðferðir til að efla orðaforða sinni. <u>Bókmenntir:</u> Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir. Notað algeng bókmenntahugtök í umfjöllun um bundið mál og óbundið og lesið og túlkað fjölbreytt ljóð frá ýmsum tímum. Beitt algengum hugtökum í bókmenntafræði við greiningu og umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir frá ýmsum tímum. Lesið og skilið texta frá fyrri tímum, áttað sig á því að þeir mótist af sögulegu samhengi og borið saman við eigin samtíð. <u>Ritun:</u> Haft vald á ólíkum leiðum til að miðla rituðu máli og getur valið þá leið sem hentar tilgangi og lesendum. Samið fjölbreyttan texta til að tjá hugmyndir, skoðanir, reynslu og sköpunarkraft, metið og endurbætt með hliðsjón af gagnrýni og hjálpargögnum. Skrifað texta þar sem efnisatriðum er skipað í röklegt samhengi, góður þráður er á milli efnisgreina og kaflaskipting er skýr.		• Áhrifssagnir • Sagnfylling • Samsettar sagnir • Aðalsögn • Hjálparsögn • Myndir sagna • Hættir sagna • Persónuhættir • Fallhættir • Framsöguháttur • Viðtengingarháttur • Boðháttur • Nafnháttur • Lýsingarháttur nútíðar • Lýsingarháttur þátíðar • Veikar sagnir • Sterkar sagnir • Kennimyndir • Veikar sagnir • Sterkar sagnir • Blandaðar sagnir • Núþálegar sagnir • Ri-sagnir • Orsakasagnir • Mýrin • Norðurmýrin • Morðsaga • Glæpasaga • Erfðir • Lögreglurannsókn • Íslendingasögur • Gísla saga • Fóstbræðralag • Dýrafjörður • Vestfirðir • Stafsetningaræfingar

			Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað til þess reglur um réttritun og önnur hjálpartæki. Beitt ríkulegu tungutaki, fjölbreyttum orðaforða og málsniði í texta eftir því hver tilgangur skrifanna er, fyrir hvaða viðtakendur er skrifað og hvaða birtingarform er valið. Leitað að og skráð heimildir og metið gildi þeirra. <u>Mál og málnotkun:</u> Beitt málfræðiþekkingu sinni í umræðu um tungumálið, þróun og einkenni þess og nýtt hana í eigin málnotkun. Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra. Áttað sig á fjölbreyttum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og beitt mismunandi málsniði eftir efni og tilefni í ræðu og riti. Beitt fleygum orðum, algengum orðtökum, málsháttum og föstum orðasamböndum í máli sínu. Áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap. Nýtt fjölbreytt hjálpartæki til að afla sér upplýsinga um tungumálið og styðja við notkun þess.		• Bókmenntahugtök • Bókmenntasaga • Rómantík • Raunsæi • Súrrealismi • Módernismi • Ljóð • Ljóðagreining • Ljóðaupplestur • Poppmenning • Atómljóð • Ljóðaform • Máltilfinning • Ritunarverkefni • Rithöfundur • Skáld